**Kennsluáætlun skólaárið 2020 - 2021**

# Skólaíþróttir 7. bekkur

Í skólaíþróttum eru ein 60 mínútna kennslustund á viku í 7. bekk. Kennari er Amir Mehica

## Vinnulag

Markmið skólaíþrótta eru eftirfarandi:

Að örva hreyfi – og félagsþroska nemenda og efla afkastagetu hans. Að nemendur upplifi íþróttir á jákvæðan máta og hafi ánægju af. Fái fræðslu um íþróttir og heilsuvernd. Áhersla er lögð á að hafa íþróttakennsluna fjölbreytta.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Efling hreyfiþroska og hreyfifærni, fjölbreyttir leikir, gleði, samvinnu og jákvæð samskipti. Við förum í leiki, stöðvar, boltagreinar, badminton, þrautabrautir o.fl.

## Vinnuáætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið – notuð við námsmat | Afurð / Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Hreyfifærni og liðleiki** | • Fjölbreyttar æfingar tengdar þema kennslustundar hverju sinni<br>• Þematengdar stöðvar | **Nemandi getur…**<br>• Tekið þátt í stöðluðum prófum sem meta t.d. þrek, þol, liðleika og nýtt sér niðurstöður þeirra.<br>• Gert æfingar sem reyna á og auka líkamshreysti og liðleika<br>• | • Virkni og þátttaka nemenda í kennslustundum<br>• Styrktar – og liðleikakönnun |
| **Leikir, leikreglur og íþróttagreinar** | • Fjölbreyttir leikir | **Nemandi getur ...**<br>• Tekið þátt í útivist | • Þátttaka nemenda í kennslustundum |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Þematengdar stöðvar<br>• Færni í fjölbreyttum íþróttagreinum | • Nýtt sér niðurstöður prófa til að setja sér markmið.<br>• Gert sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir.<br>• Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi<br>• Þekki og geti notað undirstöðuatriðum ólíkra íþróttagreina.<br>• Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.<br>• Unnið vel og farið eftir fyrirmælum | • Geta nemenda til að vinna með öðrum og fara eftir reglum |
| **Þol og styrkur** | • Leikir sem efla þol s.s. ýmsir eltingaleikir<br>• Þematengdar æfingar með áherslu á þol og styrk | **Nemandi getur…**<br>• Gert sér grein fyrir mikilvægi heilsuræktar<br>• Gert æfingar sem reyna á og auka þol og þrek. | • Nemendur 7.bekkjar fara í píptest sem er hlaupapróf sem byggir á þoli og úthaldi nemenda |

Foreldrar eru hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is.

## Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Amir Mehica